

Alþingi  
Erindi nr. P 135/415  
komudagur 26. 11. 2007



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

23. nóvember 2007

**Efni: Umsögn KÍ um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18, 2. nóvember 1992.**

Kennarasamband Íslands (KÍ) hefur fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktun (7. mál).

Þingsályktunartillagan felur í sér tvennt:

1. Lagt er til að ríkisstjórninni verði falið að undibúa lögfestingu samningsins á Íslandi.
2. Lagt er til að frumvarpið sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum skuli vera lokið 20. nóvember 2008.

*Athugasemdir KÍ:*

Barnasáttmálinn sem þessi samningur er jafnan nefndur hefur þegar verið undirritaður af Íslands hálfu, en í þingsályktunartillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að undibúa lögfestingu samningsins á Íslandi. Í greinargerð er vísað til þess að hann muni þá hafa meira vægi á Íslandi. KÍ tekur undir sjónarmið flutningsmanna að rétt sé að slíkur grundvallarsáttmáli verði lögfestur hér á landi með sama hætti og mannréttindasáttmáli Evrópu. Eins og kemur fram í greinargerð þá er um að ræða marga lagabálka sem koma við sögu varðandi aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum og því mikilvægt að vandað verði til verks við endurskoðun þeirra. KÍ telur raunhæft að ætla sér lengri tíma til þessa verks en til 20. nóvember 2008 eins og rætt er um í tillögunni vegna þess hve víðfeðmur og matskenndur barnasáttmálinn er.

Virðingarfyllst  
Fyrir hönd Kennarasambands Íslands  
Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður